



AÐALSKIPULAG RANGÁRÞIGNS YTRA 2016-2028

Skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar

Íþróttasvæði á Hellu

05.05.2021



EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
1.1	Skipulags- og matslýsing	3
2	FORSENDUR OG MARKMIÐ BREYTINGA	3
3	NÚVERANDI STEFNA OG FYRIRHUGUÐ BREYTING	4
3.1.1	Landsskipulagsstefna	4
3.1.2	Gildandi aðalskipulag	5
3.2	Breyting á aðalskipulagi	5
3.3	Deiliskipulag	6
3.4	Umhverfisáhrif	6
4	KYNNING OG SAMRÁÐ	6
4.1	Umsagnaraðilar	6
4.2	Skipulagsferli	6

HÖFUNDUR	RÝNI	VERKNR.
AB	ÁJ	2146-017-20

1 INNGANGUR

Hér er sett fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Rangárbings ytra 2016-2028. Breytingin felur í sér að hluti opins svæðis OP2 breytist í íþróttasvæði er henni gerð skil í lýsingu þessari samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu

1.1 Skipulags- og matslýsing

Tilgangurinn með gerð skipulagslýsingar er að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórnnum og þeim sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli. Samkvæmt gr. 4.2.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal sameina gerð skipulagslýsingar og matslýsingar um umfang og áherslur í umhverfismati aðalskipulagsins sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum aðalskipulags og komandi skipulagsvinnu.

2 FORSENDUR OG MARKMIÐ BREYTINGA

Mannfjöldi í Sveitarfélaginu Rangárbing ytra hefur verið að aukast undanfarin ár. Alls bjuggu í sveitarfélaginu árið 2003 1.432 en á árinu 2021 1.740. Á næstu árum er stefnt að uppbyggingu íþróttamannvirkja á Hellu. Stækka á grunnskólann til að mæta þeirri þörf sem hefur myndast í sveitarfélaginu og til að bæta starfsumhverfi nemenda og kennara.

Á mynd 1 má sjá að núverandi íþróttavöllur er fast við grunnskólann en hann þarf að færa til að uppbygging geti átt sér stað kringum skóla og sundlaug. Norðan svæðisins er stórt opið svæði sem

hentar vel til að byggja upp framtíðar íþróttasvæði sveitarfélagsins. Það er rúmgott og stutt frá skóla og verður nokkuð miðsvæðis í þéttbýliskjarnanum þegar aðliggjandi íbúðarsvæði verða byggð.



MYND 1. Yfirlitsmynd yfir svæðið. Svæðið innan rauðu afmörkunarinnar tekur breytingum.

3 NÚVERANDI STEFNA OG FYRIRHUGUÐ BREYTING

Gæta þarf samræmis á milli skipulagsstiga og annarra áætlana. Horft verður til áhersla og stefnumiða í eftirfarandi stefnum.

3.1.1 Landsskipulagsstefna


„Þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna.“

Breyting á aðalskipulagi verður í samræmi við Landsskipulagsstefnu

3.1.2 Gildandi aðalskipulag

Aðalskipulagið var tók gildi í október 2019.

Um íþróttasvæði segir m.a. í greinargerð aðalskipulagsins, kafla 2.3.6, segir að stefnan sé að leitast verði við að byggja upp fjölbreytta íþróttaaðstöðu í sveitarfélaginu. Leiðir til þess sé að stuðlað verði að viðhaldi og góðri nýtingu á núverandi íþróttamannvirkjum og íþróttamannvirkjum verði fjölgað ef þörf krefur. Aðstaða til íþróttaiðkana og útivistar verði eflað enn frekar.



MYND 2. Hluti af gildandi aðalskipulagi. Svæðið innan rauðu afmörkunarinnar tekur breytingum.

Í yfirliststöflu í greinargerð í kafla 3.1.9 Opín svæði eru eftirfarandi upplýsingar um opna svæðið.

NR.	HEITI	LÝSING
OP2	Almenningsgarður	Almenningsgarður miðsvæðis í byggðinni. Er í góðum tengslum við skóla og íþróttasvæði. Á svæðinu er fjarskiptamastur og endur varpi. Stærð svæðisins er um 13. ha

Opið svæði verður áfram þvert í gegnum byggðina og verður áfram í góðum tengslum við skólann og hið nýja íþróttasvæði. Á Hellu eru skilgreind tvö íþróttasvæði og eru þau bæði tengd hestamennsku.

Breyting á aðalskipulagi er í samræmi við stefnu í gildandi aðalskipulagi þar sem breytingin mun auka fjölbreytni og bæta íþróttaaðstöðu.

3.2 Breyting á aðalskipulagi

Breyting verður gerð í greinargerð og á uppdrætti. Opna svæðið OP2 minnkar úr 13 ha í um 4 ha. Nýtt íþróttasvæði verður um 9 ha.

Breytingin er gerð til að hægt verði að byggja upp íþróttamannvirki á svæðinu.

3.3 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er til fyrir svæðið en það verður skipulagt í kjölfar aðalskipulagsbreytingarinnar.

3.4 Umhverfisáhrif

Breytingin felur ekki í sér framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Gerð verður grein fyrir áhrifum breytingarinnar á umhverfið í samræmi við skipulagslög.

4 KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulagslýsingar þessari er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun breytinganna.

Skipulagslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vef Rangárþings ytra <http://www.ry.is>. Lýsingin mun liggja frammi á vefsíðu sveitarfélagsins og á skrifstofu þess að Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hella.

Á kynningartíma verður almenningi og umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og sjónarmið um fyrirhugaðar breytingar. Þær skulu vera skriflegar og berast í fyrir auglýstan tímafrest á skrifstofu Rangárþings ytra, Suðurlandsvegi 1-3, 850 Helli, eða á netfangið birgir@ry.is.

4.1 Umsagnaraðilar

Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum við þessa skipulags- og matslýsingu og á öðrum stigum í skipulagsferlinu.

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Eftir atvikum verður óskað umsagna annarra aðila, m.a. nefnda innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins.

4.2 Skipulagsferli

TAFLA 1. Drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar.

MÁNUÐUR	LÝSING
maí 2021	Skipulagslýsing tekin fyrir í skipulagsnefnd og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að skila inn athugasemdum.

MÁNUÐUR	LÝSING
júní	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu tekin til umfjöllunar í skipulagsnefnd, kynnt almenningi á heimasíðu sv.félags, áður en hún verður lögð fyrir sveitarstjórn.
Júlí/sept.	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn og send til umsagnar- aðila. Gefinn verður sex vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
október	Tillaga að aðalskipulagsbreytingu afgreiddar í sveitarstjórn, að undangenginni umræðu skipulagsnefndar, með breytingum sem athugasemdir kunna að gefa tilefni til, og send Skipulagsstofnun.
nóvember	Gildistaka aðalskipulagsbreytingar auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.